

25
19. júní

L ö g

um

breyting á lögum nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau
með samþykki Voru:

20. gr. laga nr. 75, 22. nóv. 1907, um bæjarstjórn í kaupstaðnum Hafnar-
firði orðist þannig:

Niðurfjöfnun eftir efnum og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur
í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald
eftir öllum efnahag sínum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur
annarsstaðar og goldið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu tiltölulega við
þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm,
svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgerð, þá má leggja auka-
útsvar á þá atvinnu, þó ekki sje rekin nema átta vikur og atvinnurekandi hafi
heimili annarsstaðar.

Á síldveiði, síldar kaup og síldarsölu, alls konar bræðslu og verksmiðju-
iðnað, á atvinnu útlendra og innlendra skipa við síldarverkun á höfninni, á
ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliða-afnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi,
og á lóðarafnot, ef lóðarafnotin gefa einhvern arð, má leggja útsvar, þótt sú
atvinna sje rekin enn styttri tíma. Á kaupfjelög og pöntunarfelög má leggja
útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo
sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins, þó svo, að eigi
komi í bága við lög nr. 36, 27. júlí 1921, um samvinnufjelög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.